

Ökutæki og ökumenn

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að akstursþjónustunni uppfylla ákvæði laga, reglugerða og leiðbeininga velferðarráðuneytiðins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fatlaðs fólks frá 24. janúar 2012. Ökutæki akstursþjónustunnar fara reglubundið í gegnum ítarlegar gæða- og öryggisúttektir á vegum Strætó bs. Niðurstöður úttektanna verða sýnilegar í ökutækjum. Til að byrja með verða bráðabirgðaökutæki nýtt að hluta á meðan verið er að afgreiða nýja bíla til landsins. Verður þeim ökutækjum skipt út við fyrsta tækifæri.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustunni hefur aukin öku-rettindi, hefur sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólkスflutningabíla. Allir ökumenn akstursþjónustunnar verða að uppfylla sér-stök skilyrði varðandi hreint sakavottorð gagnvart kynferðis-brotum óháð tíma. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annrar akstursþjónustu sem hlotið hefur refsídóma fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennum hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Strætó bs. og hagsmunasamtök fatlaðs fólks standa sameigin-lega að námskeiðum fyrir ökumenn þannig að þeir séu vel undirbúnir fyrir það verkefni að þjóna ólíkum notendum og til að auka skilning þeirra og hæfni í að veita góða þjónustu.

Greiðslufyrirkomulag

Farþegar greiða gjald fyrir akstursþjónustuna samkvæmt gjaldskrá þess sveitarfélags þar sem þeir eiga lögheimili.

Allir greiðsluseðlar vegna akstursþjónustunnar eru sendir rafraent í heimabanka, að jafnaði á tveggja mánaða fresti. Ekki er sendur greiðsluseðill ef fjárhæð síðustu tveggja mánaða er lægri en sem nemur 1.000 krónum. Í þeim tilfellum greiðslu-seðlar sendir tvívar á ári, í júní og desember. Útsending rafraenna greiðsluseðla er í samræmi við umhverfisstefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Strætó bs. Þeir sem sérstaklega óska eftir að fá senda greiðsluseðla heim í pósti geta pantao það með því að hrингja í síma **540 2700** eða senda tölvupóst með beiðninni í netfangið pontun@straeto.is.

Nauðsynlegt er að fram komi nafn, kennitala, heimilisfang og þóstnúmer þess sem greiðsluseðilinn á að fá.

Frá einum stað á annan

Ferð er skilgreind sem akstur frá einum stað til annars, án viðkomu á fleiri stöðum og innan höfuðborgarsvæðisins. Þjónustusvæði akstursþjónustunnar nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog, Reykjavík, Seltjarnanes og Mosfellsbæ. Hámarksferðatími skal aldrei fara yfir 60 mínútur. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Rétt er að minna á eftirfarandi reglur um framkvæmd akstursþjónustunnar:

- Aksturinn er frá anddyri og að anddyri og miðast aðstoð bílstjóra akstursþjónustunnar við það.
- Farþegi er tilbúinn í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma.
- Farþega er skilað í anddyri á komustað.
- Geti farþegi ekki ferðast einsamall, að mati sveitarfélags, skal aðstoðarmaður fylgja honum. Viðkomandi sveitarfélag greiðir laun og annan kostnað aðstoðarmanns. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.
- Ekki er beðið á meðan farþegi sinnir erindi sínu.
- Miðað er við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum.
- Frávik fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma
- Bílstjóra er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir farþega. Farþega sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vitað fyrir fram hve langan tíma viðtalið tæki.
- Farþega er heimilt að hafa með sér annan farþega. Fargjaldið gjaldfærir á skráðan farþega akstursþjónustunnar.
- Börn undir 6 ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.



Akstursþjónusta Strætó bs.



straetó.is

Hafa samband

Strætó:

Þjónustusíminn hjá Strætó bs.: **540 2700**

Netfang: pontun@straeto.is

Heimasíðan: www.straeto.is/akstursthjonusa



Reykjavík: Listi yfir þjónustumiðstöðvar

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts: **411 1200**

Netfang: arbaer.grafarholt@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Breiðholts: **411 1300**

Netfang: breidholt@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Grafarvogs
og Kjalarness – Miðgarður: **411 1400**

Netfang: midgardur@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Laugardals,
Háaleitis og Bústaða: **411 1500**

Netfang: laugardalur.haaleiti@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða: **411 1600**

Netfang: midborg.hlidar@reykjavik.is

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar: **411 1700**

Netfang: vesturgardur@reykjavik.is



Hafnarfjörður

Þjónustuver Hafnarfjarðar: **585 5500**

Netfang: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is



Garðabær

Þjónustuver Garðabæjar: **525 8500**

Netfang: gardabaer@gardabaer.is



Mosfellsbær

Þjónustuver Mosfellsbæjar: **525 6700**

Netfang: mos@mos.is



Seltjarnarnes

Þjónustuver Seltjarnarness: **595 9100**

Netfang: postur@seltjarnarnes.is

Panta og afpanta

• Ferðir eru pantaðar og afpantaðar hjá www.straeto.is/akstursthjonusa eða hjá þjónustuveri Strætó í síma **540 2700**. Einnig er hægt að senda póst á pontun@straeto.is sem er sérlega hentugt fyrir flóknari pantanir eða ef pantad er fyrir marga daga í einu.

• Ef ferð er afþöntuð með styttri fyrirvara en tveim klukkustundum þá telst ferðin með í uppgjöri.

• Hægt er að panta ferð með tveggja tíma fyrirvara. Ef ferð á að hefjast fyrir 9:30 að morgni þarf pöntun að hafa borist fyrir kl. 20:30 kvöldinu áður.

Hægt er að að panta ferðir eftir mætingartíma. Það á að koma í veg fyrir að farþegar mæti of seitn á áfangastað. Til að vita enn nákvæmar hvenær akstursþjónustan er væntanleg er hægt að gefa upp farsímanúmer og fá SMS um 15 mínútum áður en billinn kemur.

Dæmi um pöntun fyrir einn dag:

Sigga notar akstursþjónustu Strætó bs. til að komast til og frá vinnu. Hún vinnur alla virka daga frá kl. 8:00-16:00. Til að vera komin í vinnuna á réttum tíma þá pantar hún ferðina í vinnuna eftir mætingartíma kl. 8:00 en ferðina til baka pantar hún eftir brottfarartíma kl. 16:00.

Þjónustutími akstursþjónustunnar miðast við þjónustutíma almenningssvagna Strætó bs. Akstur á stórhátiðum er eins og á sunnudögum. 1. janúar hefst akstur kl. 13:00.

Þjónustutími akstursþjónustunnar er:

Mán. - fös.: kl. 6:30 – 24:00

Laugardaga: kl. 7:30 – 24:00

Sunnudaga: kl. 9:30 – 24:00

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

Akstursþjónusta Strætó bs.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra (hér eftir kallað akstursþjónusta) byggir á samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega akstursþjónustu sem Strætó bs. hefur tekið að sér að framkvæma. Þjónustuver Strætó bs. sinnir þjónustunni og stýrir akstrinum.

Hvert sveitarfélag samþykkir heimild hvers og eins farþega til að nota akstursþjónustuna, ákvæðar fjölda ferða og ákveður gjaldskrá fyrir þjónustuna.

Umsóknir eru afgreiddar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Í Reykjavík er umsókn send til þjónustumiðstöðvar í hverfi umsækjanda. Í Hafnarfirði, Garðabæ, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ er umsóknin send til félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem umsækjandinn er með lögheimili.

Frá áramótum eru gerðar meiri öryggis- og gæðakröfur varðandi bila og búnað þeirra. Akstur verður í boði á sama tíma og þjónusta strætisvagna en miðað er við að panta þurfi ferðir með tveggja tíma fyrirvara.

Strætó bs. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í almennings-samgöngum. Strætó bs. leggur metnað sinn í að veita örugga og góða þjónustu fyrir alla sína farþega. Hlutverk Strætó bs. er að veita hagkvæmar fjöldasamgöngur til þeirra sem þurfa á sílikri þjónustu að halda á starfssvæðinu. Það nær til rekstrar almenningssvagna, akstursþjónustu fatlaðs fólks og eldri borgara.

